

Hver sá, sem fær út gefið flutningsvottorð áður en hann fer úr landi (sbr. 1. málsg. 6. gr.), skal undirrita samrit þess (sbr. 2. málsg. 6. gr.), og telst hann með því hafa fullnægt tilkynningarskyldu samkvæmt lögum nr. 73/1952 með síðari breytingum.

10. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar skulu koma til framkvæmda 1. október 1969.

Þessi auglýsing er gefin út til framkvæmdar á samningi milli Norðurlanda um almannaskráningu er undirritaður var 5. desember 1968 og tekur gildi 1. október 1969. — Ákvæðin í fyrri málsg. 4. gr. og í 1. málsg. 6. gr., um skyldu manna til að afhenda eða fá út gefið samnorrænt flutningsvottorð, eru sett samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 16/1963, um breyting á lögum nr. 73/1952, um tilkynningar aðseturs-skipta.

Fjármálaráðherrann, 22. september 1969.

Magnús Jónsson.

Klemens Tryggvason.

15. september 1969.

Nr. 179.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir dýralækna, nr. 112 12. júlí 1966.

Grunngjöld samkvæmt ákvæðum gjaldskrár fyrir dýralækna nr. 112/1966, skulu innheimt með 10% álagi.

Gjaldskrárbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 124 22. desember 1947, um dýralækna, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. september 1969.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

15. september 1969.

Nr. 180.

AUGLÝSING

**um breyting á auglýsingu nr. 91 8. apríl 1968
um lækkun gjalda af skrifstofuvélum.**

Ráðuneytið hefur ákveðið, skv. heimild í 51. tl. 3. gr. laga nr. 3 26. febrúar 1969 um tollskrá o. fl., að láta nú þegar koma til framkvæmda gjaldalækkun á skýrsluvélum og hliðstæðum vélum, sem starfræktar eru með gatsþjöldum og sem teljast til nr. 84.53.00 í tollskrá, þannig að eftirleiðis verða gjöld af vélum þessum 35%.

Ákvæði auglýsingar nr. 91 8. apríl 1968 halda að öðru leyti gildi sínu.

Fjármálaráðuneytið, 15. september 1969.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.